

**Nd.**

**422. Frumvarp til laga**

**[158. mál]**

um breyting á lögum nr. 90 25. nóv. 1954, um tollskrá o. fl.

Flm.: Unnar Stefánsson, Matthías Á. Mathiesen.

**1. gr.**

Á eftir ff-lið í 3. gr. laganna bætist nýr staflíður, svo hljóðandi:

Að endurgreiða aðflutningsgjöld af blómlaukum og blómfræi samkv. nr. 8 í 6. kafla og nr. 1 í 12. kafla tollskrárinnar.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Frumvarp þetta er flutt að beiðni stjórnar Sölufélags garðyrkjumanna, og felst í því heimild til að endurgreiða aðflutningsgjöld af tveimur rekstrarvörum garðyrkjubænda, blómlaukum og blómfræi, sambærileg við endurgreiðsluheimild hliðstæðra gjalda af öðrum rekstrarvörum landbúnaðarins.

Innflutningsgjald af blómlaukum er nú 44% auk 54% verðtolls og af blómafræi 33% auk 3.6% verðtolls og því mikið misræmi á verðlagi þessara skyldu vörflokka.

Endurgreiðsla þessara aðflutningsgjalda hefði í för með sér óverulegan tekju- missi fyrir ríkissjóð, en mundi að nokkru draga úr því misvægi, sem skapast hefur á verðlagi garðyrkjuafurða og annarra landbúnaðarafurða, m. a. vegna niðurfellingar aðflutningsgjalda.